

Nd. 690. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „allt að 10 togara“ í fyrstu málsg. komi: allt að 20 togara.
2. Í stað „allt að 30 millj. kr.“ í annarri málsg. komi: allt að 60 millj. kr.
3. Orðin „er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld“ í annarri málsg. falli niður, en í staðinn komi ný málsg., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir.